

utan og innan hafi verið eins og venja sé á slíkum stöðum og öllum, sem við þá skipta, megi vera kunnugt um.

Þar sem eigi liggja rök til þess að krefjast strangari vörzlu en nú hefur verið lýst af stefnda, ber að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, og meðdómsmennirnir Sveinn L. Bjarnason og Alexander Guðjónsson kváðu upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Bílaverið h.f., á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Kristins Á. Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 15. maí 1963.

Nr. 22/1963. Þorsteinn Sigurðsson

og

Haraldur Eyjólfsson (Páll S. Pálsson hrl.)

gegen

hreppstjóra Skarpshrepps, Ólafi Lárussyni

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodor B. Línal.

Synjað afhendingar á stóðhestum með fógetagerð.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslumaður Skagafjarðarsýslu, kvað upp úrskurð héraðsdóms.

Afrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. marz 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. febrúar s.l., krefjast ómerkingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að áfrýjendur greiði honum in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Það athugast, að eigi verður séð, að héraðsdómari hafi leiðbeint áfrýjendum, sem eru ólöglærðir, um varakröfu þeirra í héraði, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Þorsteinn Sigurðsson og Haraldur Eyjólfsson, greiði in solidum stefnda, hreppstjóra Skarðshrepps, Ólafi Lárussyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetadóms Skagafjarðarsýslu 30. júlí 1962.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 25. þ. m., hafa þeir Þorsteinn Sigurðsson bóndi, Enni í Engihlíðarhreppi, og Haraldur Eyjólfsson bóndi, Gautsdal í Bólstaðarhlíðarhreppi, báðir í Austur-Húnavatnssýslu, krafizt þess, að tveir stóðhestar (graðhestar), sem þeir eiga, og Sveinn Guðmundsson kjörbúðarstjóri, Guðmundur Sigurðsson húsasmíðameistari og Björgvin Jónsson skrifstofumaður, allir á Sauðárkróki, tóku 21. þ. m. í Austur-Húnavatnssýslu og afhentu hreppstjóra Skarðshrepps hér í sýslu til meðferðar, verði með fúgetagerð teknir úr vörzlu þess hreppstjóra og afhentir gerðarbeiðendum eða hreppstjóra Engihlíðarhrepps eða Bólstaðahlíðarhrepps, eftir því í afrétt hvors hreppsins hestarnir voru teknir eða til vara, að lagt verði lögbann við sölu hesta þessara á uppboði.

Hreppstjóri Skarðshrepps, Ólafur Lárusson í Skarði, hefur mótmælt kröfum gerðarbeiðenda.

Tildrög málsins eru samkvæmt gögnum málsins eftirfarandi:

Laugardaginn 21. þ. m. fóru áðurnefndir Sveinn Guðmundsson, Guðmundur Sigurðsson og Björgvin Jónsson ríðandi frá Sauðárkróki vestur í Húnavatnssýslu. Var ferð þessi farin, að sögn

Sveins Guðmundssonar, að beiðni Egils Bjarnasonar, formanns Hrossaræktarsambands Norðurlands, til þess að svipast eftir stóðhestum, er ganga kynnu lausir utan vörzlu, að því er bezt verður séð. Fóru þeir af stað upp úr hádegi nefndan dag og riðu fram Hryggjardal, en svo Víðidal og Litla-Vatnsskarð og lítið eitt norður fyrir bæinn í Litla-Vatnsskarði og áðu þar. Þaðan sáu þeir bleikan stóðhest í hrossahópi í lítilli fjarlægð í norðvestur átt. Riðu þeir þangað og skildu úr hluta af hópnum og ráku stóðhestinn með einhverjum fleiri hrossum, er fylgdu, áleiðis til Litla-Vatnsskarðs. Í túni Litla-Vatnsskarðs eða í nánd við það hittu þeir fyrir rauðan stóðhest glófextan, og tóku þeir hann með í reksturinn. Síðan héldu þeir austur Litla-Vatnsskarð með téða stóðhesta og nokkur önnur hross, er þeim fylgdu, en skildu á leið sinni úr hópnum hross þessi, eftir því sem þeim reyndist unnt. Er komið var að Grjótá, voru eigi önnur hross eftir með stóðhestunum en þrjú, er fylgdu þeim úr því. Hesta þessa ráku þeir út Víðidal og Hryggjardal að girðingu, er skilur land jarðarinnar Tungu (Skollatungu) í Gönguskörðum. Þar handsömuðu þeir bleika stóðhestinn og lögðu við hann beizli. Var þetta innan landamerkja Tungu. Síðan var ferðinni framhaldið að hesthúsi í Tungu. Þar var rauði og glófexti stóðhesturinn rekinn inn og beizlaður. Hrossin þrjú, er fylgt höfðu með stóðhestinum, ráku þeir yfir Gönguskarðsá í afréttarlönd Skagfirðinga, en stóðhestana tvo fóru þeir með í Skarð og afhentu þá þar hreppstjóra Skarðshrepps.

Ólafur hreppstjóri Lárusson í Skarði auglýsti síðan samkvæmt 37. gr. laga nr. 54/1957 téða stóðhesta til sölu á uppboði, er fram skyldi fara 25. þ. m. Fógetinn skýrði hreppstjóranum fyrir uppboðið frá framkomnum kröfum gerðarbeiðenda, og frestaði hreppstjórinn uppboðinu, þar til úrskurður væri genginn í máli þessu.

Þess ber að geta, að gerðarbeiðendur hafa skoðað umrædda stóðhesta, og hefur Þorsteinn Sigurðsson á Enni viðurkennt að eiga bleika hestinn og Haraldur Eyjólfsson í Gautsdal þann rauða og glófexta.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 54/1957 um búfjárrækt er óheimilt að láta stóðhesta ganga lausa í heimahögum eða á afréttum án heimildar samkvæmt lögunum. Í sömu lagagrein segir, að verði vart við slíkan hest, beri að handsama hann og flytja til hreppstjóra. Verður samkvæmt þessu og því, sem fram hefur komið í málinu, eigi annað séð en taka téðra hesta hafi verið heimil

og lögleg. Er því eigi lögmæt ástæða til að afhenda gerðarbeiðendum hesta þeirra. Ber því að synja um þá kröfu gerðarbeiðenda, að hestarnir verði teknir úr vörzlu hreppstjóra Skarðshrepps og afhentir þeim.

Hvað þá kröfu gerðarbeiðenda snertir, að hestarnir skuli annað tveggja afhentir hreppstjóra Engihlíðarhrepps eða Bólstaðarhlíðarhrepps, eftir því í hvorum hreppnum hestarnir voru handsamaðir til væntanlegrar meðferðar samkvæmt búfjárræktarlögum, er það að segja, að í 36. gr. laganna er aðeins talað um að flytja skuli stóðhesta, sem finnast, eins og hér stendur á, til „hreppstjóra“, og í 37. gr. ræðir um það, að „hreppstjóri“ skuli selja slíka hesta á uppboði og gera á því skil, án þess að beinum orðum segi, hver sá hreppstjóri skuli vera. Það virðist samkvæmt orðanna hljóðan eigi skipta meginmáli, hver hreppstjórinn er, sem til er leitað, enda getur einatt staðið svo á, að eðlilegt og skynsamlegt sé að afhenda slíka hesta hreppstjóra til meðferðar utan þess hrepps, sem hestarnir eru úr, og jafnvel geta legið til þess rök, að slíkir hestar séu afhentir hreppstjóra utan hreppsins, sem hestarnir eru handsamaðir í. Eins og hér stendur á, hefðu tökumenn hestanna þurft að leggja allmikla lykkju á leið sína til þess að koma hestunum til hreppstjóra Engihlíðarhrepps, sem býr að Holtastöðum í Langadal. Eins og leið þeirra var háttað, var auðveldast að koma hestunum til hreppstjóra Skarðshrepps, svo sem þeir gerðu. Verður sú ráðstöfun eftir atvikum eigi talin óeðlileg, og þar sem eigi hafa var leidd rök að því, að hagsmunum gerðarbeiðenda hafi með því verið stefnt í voða eða þeir fyrir borð boðnir, þykir eigi ástæða vera til þess að taka til greina kröfur gerðarbeiðenda um töku téðra hesta úr vörzlum hreppstjóra Skarðshrepps og afhendingu þeirra til hreppstjóra Engihlíðarhrepps (eða Bólstaðarhlíðarhrepps). Ber því að synja um þá kröfu gerðarbeiðenda.

Hvað þá kröfu varðar, að leggja lögbann við sölu hestanna á uppboði, er það að segja, að líta verður svo á, að ágreiningur um lögmæti uppboðs, sem hreppstjóra er falið að halda, beri undir dómstóla. Verður lögbanni því eigi hér við komið, og er kröfunni um það synjað.

Rétt þykir að geta þess, að fógetinn hefur átt símtal við ráðuneytisstjóra landbúnaðarráðuneytisins vegna þess ákvæðis í 85. gr. búfjárræktarlaga nr. 54/1957, að verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þeirra laga, skeri landbúnaðarráðherra úr og sé sá úrskurður fullnaðarúrskurður. Taldi ráðuneytisstjórinn

ágreining þann, er hér um ræðir, eigi bera undir ráðherra og óskaði hann úrskurðar fógætadóms um ágreininginn.

Ályktarorð:

Framangreindum kröfum um töku umræddra tveggja stóðhesta úr vörzlum hreppstjóra Skarðshrepps og lögbann við sölu hesta þessara á uppboði er synjað.

Miðvikudaginn 15. maí 1963.

Nr. 5/1963. **Haraldur Eyjólfsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
hreppstjóra Staðarhrepps, Jóni Sigurðssyni
 (Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarmir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
 Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theo-
 dór B. Línal.

Ágreiningur um framkvæmd uppboðs á stóðhesti.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslumaður Skagafjarðar-sýslu, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1963, krefst þess, að úrskurður hér-aðsdóms verði úr gildi felldur, synjað verði um framkvæmd uppboðs og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.